

24

10. febr.

## AUGLÝSING

## um söluskatt ríkisstofnana.

Samkvæmt heimild í 6. gr. bráðabirgðalaga um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtiðarráðstafanir, tilkynnist hér með, að ákveðið hefur verið, að effirtaldar ríkisstofnanir skuli greiða söluskatt samkvæmt VII. kafla dýrtiðarlaganna:

Tóbakseinkasalan.

Viðtækjaverzlunin.

Grænmetisverzlunin.

Áburðarsalan.

Landssmiðjan.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Skipaútgerð ríkisins.

Ferðaskrifstofa ríkisins.

Ríkisútvarpið.

Viðgerðarstofa útvarpsins.

Viðtækjasmíðjan.

Enn fremur flutningar á vegum póstsins, þó ekki fólksflutningar á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Þetta tilkynnist hér með.

*Fjármálaráðuneytið, 10. febrúar 1948.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Magnús Gíslason.*

25

11. febr.

## REGLUGERÐ

## um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

## 1. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum söluverð það á framleiðslu þeirra til útflutnings, sem ákveðið er í 2. grein reglugerðar þessarar.

## 2. gr.

- |   |          |
|---|----------|
| 1. Þorsk- og lönguflök með roði, vafin í pergamentpappír í 3 kg eða 7 enskra punda (lbs.) stykkjum, 8 í ks. á 24 kg eða 56 lbs. nettó, pr. lb. fob. | kr. 1.33 |
| 2. Þorskflök með roði í 1 kg öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 25 kg nettó, pr. lb. fob. ....  | — 1.46   |
| 3. Þorskflök með roði í 2 lbs. öskjum án cellophan, 25 öskjur í ks. á 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....  | — 1.50   |
| 4. Þorsk- og lönguflök, roðlaus, vafin í cellophan í 5 lbs. öskjum 10 í ks. á 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....                                      | — 1.90   |
| 5. Þorsk- og lönguflök, roðlaus, vafin í cellophan í 1 kg öskjum, 25 í ks., 25 kg nettó, pr. lb. fob. ....  | — 1.92   |
| 6. Þorsk- og lönguflök, roðlaus, vafin í cellophan í 2 lbs. öskjum, 25 í ks., 50 lbs. nettó, pr. lb. fob. ....                                      | — 1.95   |
| 7. Þorsk- og lönguflök, roðlaus, vafin í cellophan, í ½ kg öskjum, 50 í ks., 25 kg nettó, pr. lb. fob. ....   | — 1.98   |